



Fjárlaganefnd Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Akureyri 17. maí 2024

Efni: Umsögn Lögreglustjórnans á Norðurlandi eystra um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029, þingskjal 1501-1035. mál. Nauðsyn á viðbótarframlagi til reksturs embættis Lögreglustjórnans á Norðurlandi eystra til framtíðar vegna fjölgunar mála og öryggisstigs, byggt á áhættugreiningu RLS.

Embættið sér sig knúið til að skrifa umsögn um tillögur til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029. Embættið lýsir yfir verulegum áhyggjum af því að ekki séu lagðar til auknar fjárheimildir til lögreglunnar þegar öllum má ljóst vera hver staða lögreglunnar er í afar breyttu löggæslumhverfi, með auknum íbúafjölda, fjölgun ferðamanna, þyngra landamæraeftirliti, skipulagðri brotastarfsemi, alvarlegri ofbeldisbrotum o.fl. Einu tillögur í fjármálaáætlun varða aðhaldskröfu á lögregluna og aukin rekstrarframlög til Landhelgisgæslu og almannavarna. Grunnurinn í starfsemi lögreglunnar í landinu er almenn löggæsla og í engu er lagt til að bregðast við þeirri alvarlegu stöðu í fjármálaáætluninni sem upp er komin og lýtur að skorti á mönnun. Til þessa að tryggja öryggi og frið í landinu er nauðsynlegt að bregðast strax við og fjölga lögreglumönnum í landinu.

1. Samskipti við dómsmálaráðuneytið og fjárlaganefnd Alþingis

Embættið upplýsti dómsmálaráðuneytið formlega um stöðu embættis Lögreglustjórnans á Norðurlandi eystra með tilliti til öryggisstigs, viðbúnaðargetu og áhættugreiningar með minnisblaði dags. 26.07.2023 þar sem óskað var eftir að tekið yrði tillit til þessarar alvarlegu stöðu við gerð fjárlaga fyrir árið 2024. Í minnisblaðinu var ítarlega farið yfir verkefnaálag og mönnun, farið yfir tölfræði ríkislögreglustjóra og samanburð á fjölda mála, niðurstöðu skýrslu greiningardeildar gerð góð skil og einnig vísað í skýrslu ríkislögreglustjóra dags. 28.04.2023 um mat á öryggisstigi í umdæminu og skýrslu ríkislögreglustjóra dags. 14.03.2023 um fyrirbyggjandi ráðstafanir og mat á viðbúnaðargetu í umdæminu. Vísað er til þess um frekari upplýsingar um stöðuna.

Embættið lagði fram tillögu fyrir fjárlaganefnd Alþingis 12. október 2023 þar sem vísað var til þeirrar stöðu sem upp væri komin hjá embættinu og lagt til að úr yrði bætt. Ekki var orðið við því. Embættið fundaði einnig með dómsmálaráðherra 30.01.2024 og fór yfir stöðuna þar sem vinna var hafin við gerð fjármálaáætlunar. Það eru því gríðarleg vonbrigði að enn sér Alþingi og dómsmálaráðuneytið ekki ástæðu til að bregðast við. Áhyggjur embættisins lúta að stöðunni á næsta ári og til framtíðar en stöðug aukning mála, aukning á ofbeldisbrotum og erfiðum verkefnum hefur gert það að verkum að embættið telur að það þurfi að bregðast við strax.

2. Fjölgun mála hjá embætti Lögreglustjórnans á Norðurlandi eystra

Veruleg aukning hefur orðið á málafjölda hjá embættinu og fjölgaði skráðum hegningarlaga- og sérrefsilagabrotum og verkefnum verulega á milli árána 2022 og 2023. Þá varð veruleg aukning á ofbeldi og ofbeldishótunum gegn lögreglumönnum. Almenn lögregla þurfti að vopnast 24 sinnum árið 2023 en vopnaðist 5 sinnum allt árið 2022.



Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

Pórunnarstræti 138 - 600 Akureyri - Sími 444 2800
Kt. 670814-0410

Hegningarlagabrotum fjölgaði um 255 á milli árunna 2022 og 2023 eða um 36% og sérrefsilagabrotum um 205 brot eða 53%. Þessi aukning sést glögg í töflunni hér að neðan en þar eru tiltekin sérstaklega ofbeldisbrot og brot sem eiga að njóta forgangs í rannsóknum en þau taka gjarnan mikinn tíma í rannsókn. Gríðarleg aukning hefur orðið á málum þar sem lögreglan þarf að vopnast eða um 380% á milli ára. Ofbeldi og hótanir gegn lögreglumönnum er einnig verulegt áhyggjuefni og varð 50% aukning á milli síðustu ára en 388% aukning frá árinu 2016.

	Aukning brota á milli ára 2016 til 2023 LSNE									Aukning milli 2022 og 2023	Aukning milli árunna 2016 og 2023
	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023			
Hegningarlagabrot	543	521	536	545	573	695	709	964	36%	78%	
Sérrefsilagabrot	372	420	438	444	446	409	385	590	53%	59%	
	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023			
Líkamsrásir 218	14	10	11	13	10	20	27	38	40%	171%	
Líkamsrásir 217	55	63	68	80	67	90	110	161	46%	193%	
Kynferðisbrot	45	38	54	85	48	59	63	78	24%	73%	
Vopnalaög nr16/1998	18	26	31	24	31	40	41	77	88%	328%	
Heimilisofbeldi	42	33	40	51	66	60	79	99	25%	136%	
	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023			
Heildarfjöldi	4088	4596	4091	4531	4277	6029	8334	13522	62%	331%	
Umferðarlagabrot	1882	2407	1933	2567	2403	4052	6385	11021			
	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023			
Lögregla vopnast	4	3	4	4	3	10	5	24	380%	500%	
Ofbeldi gegn lögreglumönnum	8	14	9	7	12	13	26	39	50%	388%	

3. Mönnun embættisins

Embættið er með um 100 starfsmenn, 86 lögreglumenn og 12 borgaralega starfsmenn með afleysingafólki. Af 86 starfandi lögreglumönnum eru 61 menntaður. Í almennri deild starfa 70, í rannsóknardeild 8, í landamæraeftirliti 3, í sérhæfðu umferðareftirliti 3, í valdbeitingapjálfun og almannavörnum 2. Borgaralegir starfsmenn skiptast niður á ákærusvið, þar sem starfa 3 lögfræðingar, stafrænar rannsóknir þar sem starfa 2 sérfræðingar, skrifstofu þar sem starfa 5 borgaralegir starfsmenn og 1 kerfisstjóri auk lögreglustjóra. Embættið er í afar víðfeðmu umdæmi sem nær frá Öxnadalshéiði í vestri og yfir hálfan Tröllaskaga, yfir Vatnajökul að hluta í suðri og yfir Bakkafjörð í austri. Embættið rekur fimm starfsstöðvar, á Akureyri, Dalvík, Siglufirði, Húsavík og Þórshöfn. Sólarhringsvakt er á Akureyri en annars konar vaktaskipulag á útstöðvunum. Árið 1980 voru fimm lögreglumenn á vakt á Akureyri þegar íbúafjöldi var um 13.000 manns. Nú er íbúafjöldi á Akureyri 20.000 en auk þess eru sveitarfélög í nágrenni Akureyrar í Eyjafirði með yfir 3000 íbúa. Allt umdæmið er með yfir 30.000 íbúa. Þá eru ótaldir farandverkamenn, ferðamenn og námsmenn en á svæðinu eru fjölmargir heimavistaraskólar á framhaldsskólastigi, Háskóli ofl. Í dag má segja að sami



fjöldi gegni útkallsvakt á Akureyri þrátt fyrir mun erfiðara umhverfi, flóknari verkefni og aukinn íbúafjöldi. Fjöldi lögreglumanna sem sinna útköllum á Akureyri hefur staðið í stað í 45 ár og er orðið afar brýnt að bæta þarna úr. Á Akureyri eru um 330 vistarir í fangaklefa á hverju einasta ári og eftir lokun fangelsisins er einn lögreglumaður eyrnamerkur fangavörslu og með honum fimm á vakt sem er lágmarksmönnun. Vandséð er að hægt verði að halda sex mönnum á vakt allan sólarhringinn vegna þeirra aðhaldskrafna sem gerðar eru. Embættið hefur að kröfu dómsmálaráðuneytis farið í hagræðingaraðgerðir í rekstri eins og að leggja niður starf samfélagslögreglu/forvarnarfulltrúa, leggja niður hálandiseftirlit og sérstakt sumareftirlit á þjóðvegnum og með ferðamannastöðum auk fleiri aðgerða.

4. Skýrsla greiningardeildar ríkislögreglustjóra dags. 25.07.2023.

Greiningardeild ríkislögreglustjóra tók að beiðni LSNE saman skýrslu um ofbeldi, hótanir og vopnatilkynningar í umdæmi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra og er skýrsla þeirra dags. 25.07.2023 og hefur verið afhent dómsmálaráðuneytinu. Skýrslan sýnir svart á hvítu fjölgun þessara brota og alvarlega stöðu hjá LSNE. Í skýrslunni er vísað til skýrslu RLS um öryggisstig á Norðurlandi eystra dags. 28.04.2023 þar sem fram kemur **að helsti veikleikinn sé hversu fámennit lögreglulið umdæmisins er.** Í skýrslu greiningardeildar segir að **fjöldi lögreglumanna hafi staðið í stað** síðustu ár og hlutfall ómenntaðra hækkað og **upplifir um þriðjungur lögreglumanna sig mjög eða frekar óörugga í starfi.** Þá segir í skýrslunni að þau gögn sem greiningardeild RLS vann upp úr LÖKE þann 24.07.2023 sýna verulega aukningu á ofbeldi og ofbeldishótunum gegn lögreglumönnum á árunum 2022 og 2023 miðað við árin 2016-2021.

Niðurstaða greiningardeildar RLS er að mikil aukning ofbeldis- og vopnamála auk hótana um ofbeldi gegn lögreglumönnum í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra sé til þess fallin að auka álag í starfi og hafa neikvæð áhrif á öryggisstilfinningu lögreglumanna í umdæminu. **Er það mat greiningardeildar að til þess að lögreglan á Norðurlandi eystra geti brugðist við fjölgun verkefna, tryggt persónulegt öryggi lögreglumanna og lágmarksöryggi í byggðarlaginu sé nauðsynlegt að fjölga lögreglumönnum á Norðurlandi eystra í samræmi við niðurstöður skýrslu um öryggisstig umdæmisins sem gefin var út 28.04.2023.**

5. Landamæraeftirlit

Árið 2022 var gerð úttekt á regluverki Schengen á Íslandi og hvernig því væri framfylgt. Stóra niðurstaðan var að alvarlegasti veikleikinn væri viðvarandi mönnunarvandi. Embættið hefur síðan eftt landamæraeftirlit hjá sér en betur má ef duga skal. Í umdæminu eru 5 Schengen hafnir og millilandaflugvöllur og hefur komum skemmtiferðaskipa fjölgað gríðarlega síðustu árin auk þess sem viðskiptamódel þeirra um stimplanir hér á landi kalla á mikla vinnu. Þá eru reglulegt flug milli landa að aukast og nýjustu upplýsingar benda til að það mun gerast innan tíðar og til þriðju ríkja. Öll verkefni tengd landamærum og útlendingum hafa þungst verulega verulega, eins og alþjóð veit. Á Norðurlandi eystra hafa þeir þrír starfsmenn sem sinna landamæraeftirliti einnig sinnt þeim málum sem tengjast útlendingalöggjöfinni en slíkum málum fjölgar hratt. Það er því nauðsynlegt að gera enn betur á þessu sviði og ráða þar inn einn mann til viðbótar.



6. Þörf á auknum fjárframlögum

Líkt og fram kom í skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra og öðrum gögnum er nauðsynlegt að fjölga lögreglumönnum í umdæminu. Mesta þörfin að mati stjórnenda er að fjölga í útkallsliði á Akureyri og í rannsóknardeild. Í dag ganga sex lögreglumenn sólarhringsvaktir á Akureyri. Nauðsynlegt er að fjölga að minnsta kosti um tvo lögreglumenn á vöktunum og tvo í rannsóknardeild. Um fimm vaktir er að ræða svo það jafngildir tíu lögreglumönnum. Nauðsynlegt er að endurvekja stöðu samfélagslögreglu í samræmi við vilja ríkisstjórnar og áherslu á að vernda börn gegn því að dragast inn í afbrotastarfsemi og verða fyrir henni. Þá þykir nauðsynlegt að fjölga í landamæraeftirlit um einn lögreglumann. Stoðþjónusta er ábótavant í embættinu og fjárhagur upp á 1.6 ma krefst sérfræðikunnáttu í rekstri auk þess sem áriðandi er að hafa starfsmann í skjalastjórnun enda stafræn skil orðin veruleiki embættisins. Þá hafa verkefni aukist gríðarlega á þjónustusviði vegna hraðamyndavélar á Hörgárbraut og einnig við lokun skrifstofu þjóðskrár þar sem nú tilkynnir fólk flutning til landsins hjá lögreglu. Minnisblöð vegna þessa og fleiri atriða hafa einnig verið send ráðuneytinu. Hér að neðan er sundurliðun á þeim kostnaði sem óskað er eftir að fjárlaganefnd tryggi embættinu.

Starfsmenn	Fjöldi	Kostnaður/mann	Samtals
Lögreglumenn á útkallsvaktir	10	20.000.000.-	200.000.000.-
Lögreglumenn í rannsóknardeild	2	20.000.000.-	40.000.000.-
Samfélagslögregla/forvarnarfulltrúi	1	20.000.000.-	20.000.000.-
Lögreglumaður í landamæraverkefni	1	20.000.000.-	20.000.000.-
Rekstrarsérfræðingur/skjalastjórn	1	20.000.000.-	20.000.000.-
Starfsmaður á þjónustusvið	1	10.000.000.-	10.000.000.-
			310.000.000.- kr.

Embættið er eitt öflugasta embættið á landsbyggðinni og eina embættið með sólarhringsvaktir á stóru svæði, fer með löggæslu í næst fjölmennasta þéttbýli landsins á eftir höfuðborgarsvæðinu. Þar er Háskóli, fimm framhaldsskólar, millilandaflugvöllur og öflugt sjúkrahús. Mikil aðsókn er til Akureyrar allt árið um kring frá nemendum og innlendum og erlendum ferðamönnum. Virkir afbrotamenn eru á svæðinu, andlega veikir og heimilislausir og allt það sem fylgir stórum þéttbýlissvæðum. Fólk kemur til Akureyrar til að skemmta sér og er næturlíf öflugt allt árið um kring. Mesta viðbragðið í löggæslu er á suðvestur horninu og þar er stutt í aðstoð annarra lögregluliða, sérsveit, liðsauki frá LRH, LSS og LSL er ekki nema hálf tíma frá. Þessu er ekki fyrir að fara í umdæmi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra og því þarf embættið að hafa eigin bjargir.

7. Aðhaldskrafa

Þá er því eindregið mótmælt að lagt er til að aðhaldskrafa verði gerð á lögregluna í landinu líkt og fram kemur í fjármálaáætlun. Líta verður á lögregluna sem grunnþjónustu sem sæti ekki aðhaldskröfu líkt og er með aðra grunnþjónustu. Hlutfall launa er 80% hjá embættinu þannig að allar aðhaldskröfur þýða að fækka þarf starfsmönnum.



8. Niðurlag

Staðan er alvarleg og er biðlað til fjárlaganefndar að tryggja framlag til að reka megi embættið með fullnægjandi hætti. Forðast verður þá stöðu með öllum tiltækum ráðum að lögreglumenn gefist upp í starfi vegna álags. Embættið telur áriðandi að brugðist verði við þeirri stöðu sem upp er komin með því að bæta verulega í mönnun hjá embættinu með fjárveitingu upp á 310 milljónir króna. Þá er athygli vakin á því að ekki er um tímabundinn vanda að ræða heldur vanda sem leysa þarf til framtíðar.

Virðingarfyllst,

Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri.